

Góð lestrarfærni er undirstaða náms. Eitt af mikilvægustu verkefnum grunnskólans er að tryggja að nemendur nái góðri grundvallarfærni í lestri og geti lesið ólíka texta sér til gagns og gamans. Nemendur eru mismunandi að upplagi og þroska; einstaklingar sem hafa ólíkar þarfir og væntingar. Því er eðlilegt að lestrarþróunin gangi mishratt fyrir sig.

### Heimalestur í 5.-7. bekk

Í Sjálandsskóla er lögð áhersla á að nemendur lesi heima á hverjum degi í a.m.k. 20 mínútur. Nemandinn á að fá að þróa lesturinn á eigin hraða með stuðningi bæði heimilis og skóla. Nemendur á miðstigi grunnskólans eru mislangt á veg komin í lestri, sérstaklega lesskilningi. Mikilvægt er að gera sér grein fyrir lestrargetu barnsins þegar þið aðstoðið það heima. Tilgangur þessa heftis er að veita foreldrum leiðsögn um heimalestur.

### Lesum heima

Það er afar mikilvægt að börn lesi í fríum. Ef börn lesa ekki t.d. yfir sumarið fer þeim óhjákvæmilega aftur í lestrarfærni. Þetta á ekki síst við börn sem stríða við lestrarörðugleika og það getur tekið þau margar vikur að ná upp sömu færni og áður en þau fóru í sumarfrí. Gott er að hafa reglu á heima-lestrinum, þannig að lesturinn verði hluti af daglegum venjum.

### Upplestur barnsins

Láttu barnið lesa á hverjum degi. Reyndu að skapa frið og ró í kringum lestrarstundina (slökktu á sjónvarpinu). Láttu daglegu lestrarstundina vera afslappaða og notalega. Athugaðu að viðhorf þitt til náms, lestrar og málnotkunar yfirferist til barnsins. Mundu að hvetja og hrósa. Reyndu að finna lesefni tengt áhugamáli barnsins. Ef áhugi er á íþróttum er gott að lesa íþróttasíður blaðanna o.s.frv.

### Þú ert fyrirmynd

Það skiptir miklu fyrir börn að sjá foreldra sína lesa. Það skiptir máli að finna fyrir því að lestur sé hluti af daglegu heimilislífi og að það sér rætt um það sem verið er að lesa. Börn hafa líka gott af því að sjá foreldra fletta upp í orðabókum og alfræðibókum til þess að ná sér í viðbótarþekkingu. Ef fjölbreytt lesefni er sýnilegt á heimili og börn sjá foreldra taka sér lesefni í hönd hefur það áhrif.



## Lestrardagbók

Haldið lestrardagbók. Skrifid titil bókarinnar og tilgreinið þær blaðsíður sem lesnar voru. Láttu barnið skrifa 10 orð úr lefni dagsins sem vekja athygli þess (t.d. orð sem það skildi ekki, orð sem hafði óvænta merkingu eða orð sem barnið hafði ekki heyrt lengi). Ef orð er skrifað rangt þá er orðið skrifað aftur á réttan hátt. Þannig er hægt að átta sig á því hvernig orð barnið á erfiðast með að stafsetja.

## Börn með lestrar- og réttitunarörðugleika

Börn með lestrar- og réttitunarörðugleika verða að fá að þróa máltilfinningu sína með því að hlusta á upplestur. Ef þig grunar að barn þitt eigi við lestrar- og/eða réttitunarörðugleika að stríða verður þú að gefa þér góðan tíma með barninu. Þá lest þú aðeins stutt í einu og hvetur barnið til að lesa fyrir þig. Fyrir þessi börn er upplestur foreldra sérlega mikilvægur.

## Hljóðlestur – raddlestur

Raddlestur er sá lestur sem lesinn er upphátt, andstætt hljóðlestri sem er hljóð athöfn. Það er grundvallarmunur á þessum tveimur aðferðum. Almennt má segja að tilgangur raddlestrar sé:

- að lesa fyrir áheyrendur
- að hópur öðlist sameiginlega reynslu.

Raddlestur gerir kröfur um jafnan en takmarkaðan leshraða, einkum þegar verið er að lesa fyrir áheyrendur. Slíkur lestur, sem í raun er upplestur, lýtur sérstökum lögmálum um hrynjanda og framkomu. Það er góð regla að gefa barni tækifæri á að æfa sig fyrir raddlestur til dæmis með því að lesa textann fyrst í hljóði. Byrjendur í lestri lesa almennt upphátt á meðan þeir eru að þjálfu tæknilega hlið lestrarferlisins. Þegar tiltekinni færni er náð fara börn að lesa æ meira í hljóði og samfara þessu verður leshraðinn meiri í hljóðlestri en raddlestri. Í Sjálandsskóla er lögð áhersla á að nemendur 5.-7. bekkjar þjálfu sig daglega heima í lestri í 20 mínútur, eins og áður segir. Æskilegt viðmið er að heimalestri sé skipt í a.m.k. 15 mínútna hljóðlestur og 5 mínútna raddlestur.





## Lesskilningur


Segja má að lesskilningur sé það að meðtaka merkingu lessins texta. Við fyrstu sýn virðist um einfalda aðgerð að ræða. Svo er hins vegar ekki. Til að auka möguleika á sem bestum skilningi grípur lesandi til fjölbættrar færni, auk tæknilegrar kunnáttu varðandi lestrarferlið sjálft. Hæst ber fyrri reynslu lesandans og færni hans til að taka saman aðalatriði efnis. Hann spyr sig spurninga út frá því sem sagt er, dregur ályktanir út frá því sem ekki er bókstaflega sagt og spáir fyrir um líklegt framhald. Rannsóknir benda til að reynsla lesandans sé mikilvægari en það sem kann að vera í hverjum texta. Skilningur er talinn byggja á því hvernig ný þekking tengist fyrri þekkingu lesandans. Á meðan á lestri stendur reynir lesandinn stöðugt að samsama reynslu sína efni textans, hann byggir brú milli reynslu og efnis og þannig verður textinn merkingarbær. Út frá þessu sjónarmiði geta tveir lesendur skilið sama texta á mismunandi hátt. Lestur er þannig álitinn vera víxlverkun á milli lesanda og texta, ef svo má segja. Lesandinn er virkur í ferlinu og persóna hans og reynsla skiptir meginmáli.

Börn þurfa að geta sagt frá aðalatriðum og geta dregið ályktanir af efni textans. Sértek atriði textans eru ekki í fyrirrúmi. Þegar spurt er út í skilning barna þarf að ganga út frá heildarskilningi textans, en vinna með orðaforða og sértek atriði sem hliðarverkefni. Talið er að heildaraðferðin efli gagnrýna hugsun barna og efli sjálfstraust þeirra þar sem auðveldara er að gera grein fyrir heildarmerkingu heldur en smáatriðum. Einnig er talið að heildaraðferðin efli vitund barna um

hvernig textar eru byggðir upp og geri þeim kleift að styðjast við fleiri þætti sem saman hjálpa þeim að byggja upp skilning, t.d. útlit texta, myndefni, töflur, kaflafyrirsagnir og annað í þeim dúr.

## Góður lesskilningur

Það hefur komið í ljós að börn beita mismunandi aðferðum við að ná merkingu úr texta. Hluti barna, sem gjarnan nær góðum árangri í námi, virðast þróa snemma sínar eigin aðferðir en miðlungsgóðir og slakir lesarar virðast síður þróa með sér þessar aðferðir. Talsvert hefur verið gert til þess að afla vitneskju um hvaða aðferðum lesendur, sem sýna góðan skilning, beita. Svo virðist sem þeir leggi áherslu á að muna meginatriði fremur en smáatriði, endurlesi mikilvæga kafla,



N  
O  
Ó  
P  
R  
S  
T  
U  
Ú  
V  
X  
Y  
Z  
Ð  
Æ  
Ö

N  
O  
Ó  
Ð  
R  
S  
T  
U  
Ú  
V  
X  
Y  
Z  
Ð  
Æ  
Ö

fari aftur í texta til að fá vísbendingar um það sem mun verða fjallað um, staldri við í lestrinum og spyrji sig spurninga til að athuga hvort þeir hafi skilið efnið. Þeir stjórna sinni eigin lestrarhegðun og auka þannig eða draga úr hraðanum eftir þörfum og loks virðast þeir íhuga fyrri þekkingu sína til að sjá hvort þeir geti tengt hana við nýjar upplýsingar sem kunna að vera í textanum. Slakir lesarar grípa ekki sjálfkrafa til þessara aðferða heldur lesa texta með jöfnum hraða og endurlesa aftur og aftur, skilji þeir ekki. Slík endurtekning, ein og sér er ekki talin auka skilning á efninu.

### Mismunandi textar – mismunandi lestur

Segja má að tilgangur lestrar sé sá að lesa sér til ánægju og til að fræðast. Lestrarefnið er misjafnt. Má t.d. nefna sögur, ljóð, leikrit, bréf, kort, dagblöð, skýrslur, reikninga, handbækur, bæklinga, uppskriftir, auglýsingar, leiðbeiningar,

símaskrár og orðabækur. Góður lesari býr yfir mismunandi lestraraðferðum og grípur til hvernar og einnar eftir þörfum. Stundum eru þessar aðferðir samþættar eða notaðar hver á fætur annarri. Helstu aðferðir við lestur eru:

- Yfirlestur – skimun: Augunum er rennt yfir textann til að fá hugmynd um efni hans. Þetta er lauslegur lestur og ekki til þess ætlast að lesandinn leggi efnið á minnið en hann veit nokkurn veginn aðalatriðin.
- Leitarlestur – skönnun: Lesandi fer hratt yfir textann í leit að sérstöku atriði eða efni. Ef það finnst þá staldrar hann við og grípur til annars lestrarlags.
- Nákvæmislestur: Um er að ræða lestur til að ná sérstökum upplýsingum. Þetta er hægur lestur þar sem leitast er við að skilja efnisleg smáatriði ekki síður en heildarmerkingu efnis.



## Eflum lesskilning

Lestur, lesskilningur og námstækni á mið- og unglingastigi eru nátengdir þættir. Þar er byggt á athöfnum sem fara fram áður, á meðan og eftir að lesið er. Þetta eru sömu athafnir og einkenna flest námstæknikerfi. Í námstækni er ferlið þannig að í upphafi er tilgangur með náminu, þ.e. lestrinum, gerður ljós eða meðvitauður. Eftir það er forskoðun efnis með því að skima, skanna og spá í efnið og því næst er textinn lesinn yfir. Á meðan á lestri stendur hlýðir barnið sér yfir annað slagíð og loks rifjar það upp aðalatriðin án bókar.

Ýmsar leiðir eru færar til þess að efla lesskilning. Ein aðferð byggir á fjórum þrepum: skoða, spyrja, lesa og rifja upp. Þessi aðferð gagnast vel þegar markmiðið er að læra af textanum.

1. Fyrst þarf að skoða textann sem lesa á. Barnið les fyrir-sögn kaflans og millifyrirsagnir, skoðar myndir, töflur og gröf og les myndatexta. Það þarf að líta yfir breiðletranir og skáletruð orð eða setningar. Þetta hjálpar barninu að gera sér grein fyrir uppbyggingu kaflans og að takast á við nýjan orðaforða. Því næst lesa barnið kaflakynningu eða upphaf kafla og lokaorð eða samantekt. Þetta hjálpar til við að fá heildarmynd af kaflanum og aðalatriðum sem hann fjallar um. Þessi hluti á ekki að taka meira en 5 til 10 mínútur. Kaflinn er ekki lesinn strax, heldur er einungis verið að fá hugmund um efnið.
2. Næst spyr barnið spurninga sem það heldur að það fái svör við í kaflanum. Barnið býr til spurningar úr hverjum hluta kaflans, breyta fyrir-sögn og millifyrirsögnum, ef einhverjar eru, í spurningar. Barnið er hvatt til að búa til spurningar sem það myndi spyrja ef það væri kennari. Spurningarnar eru skráðar niður. Með þessu gerir barnið sér grein fyrir hvað er mikilvægt í kaflanum og verða sjálfstæðari í náminu.
3. Fyrst núna er komið að því að lesa kaflann. Barnið les hvern kaflahluta fyrir sig til að fá svar við spurningum sínum. Þeim á að svara skriflega. Þessi lestur krefst einbeitingar. Hér er mikilvægt að barnið kunni að stjórna leshraða sínum, þ.e. lesa hratt yfir þegar við á, hægja á

þegar erfiðir kaflar eru og endurlesa það sem ekki er ljóst við fyrsta lestur. Barnið er virkt, leitar svara við spurningum sínum og skráir svörin. Eftir hverja spurningu er komið að næsta þrepi.

4. Barnið á að líta upp frá lestrinum, spyrja sig hvað það hafi verið að lesa og segja frá aðalatriðum með eigin orðum. Það segir og skráir niður með eigin orðum en ekki beint úr bókinni því það man betur það sem það hefur sjálft gert. Barnið er hvatt til að nota sem flestar aðferðir og leiðir: sjá, segja, heyra og skrá. Þetta hjálpar barninu að auka minnið og einbeita sér að verkefninu sem það er að vinna. Á þessu stigi gerir barnið sér einnig grein fyrir hvað það hefur ekki skilið.

## Lykilspurningar við lestur

### Áður en lesið er getur barnið spurt sig:

- a. Hvað vekur áhuga minn við þessa bók?
- b. Hvað veit ég um efnið?
- c. Hvernig er textinn uppbyggður og skipulagður?
- d. Hvaða meginorð geta hjálpað mér við að skilja textann?
- e. Hvað gæti ég lært af þessum lestri?

### Á meðan lesið er getur barnið spurt sig:

- a. Skil ég það sem ég er að lesa? Átta ég mig á þessu?
- b. Hvað var ég að lesa (samantekt)?
- c. Hvernig tengjast hugmyndir í einni efnisgrein þeirri næstu?
- d. Hvað mun ég læra á næstu efnisgreinum/síðum?

### Á eftir lestri getur barnið spurt sig:

- a. Hvaða meginhugmyndir voru í textanum sem ég var að lesa?
- b. Hvað lærði ég sem var nýtt?
- c. Hvað geri ég við þessar upplýsingar núna?

Byggt á:

*Lestur er lykill að þekkingu og betri framtíð. Hefti útgefið af Námsgagnastofnun.*

*Um lestur. Hefti eftir Guðlaugu Einarsdóttur og Sigurlaugu Jónsdóttur í Flataskóla.*

*Korter á dag. Hefti útgefið af Heimili og skóla.*

*Fluglæsi, áherslur, stefnumörkun og aðferðir í lestrarkennslu. Hefti gefið út af skólaþjónustu Eyþings í ritstjórn Rósu Eggertsdóttur.*

SJÁLANDS  SKÓLI

Sjálandsskóli | Löngulínu 8 | 210 Garðabær

Sími: 590-3100 | [www.sjalandsskoli.is](http://www.sjalandsskoli.is)

